

Skatturinn
09 210

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Skatturinn

kt. 540269-6029

Laugavegi 166 , 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Skatturinn starfar samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, tollalögum nr. 88/2005, lögum nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda, lögum nr. 17/2003 um fyrirtækjaskrá, lögum nr. 3/2006 um ársreikninga, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál, sem og öðrum lögum og reglugerðum er varða starfsemi Skattsins í heild eða einstaka þætti hans.

Skatturinn er framsækin þjónustustofnun sem leggur grunn að samfélagslegri þjónustu með því að tryggja tekjuöflun ríkis og sveitarfélaga. Skatturinn hefur með höndum skatt- og tollframkvæmd, sinnir skatteftirliti, skattrannsóknnum og tollgæslu. Skatturinn annast álagningu skatta, tolla og annarra gjalda auk þess að viðhafa eftirlit með réttmæti skattskila. Þá sinnir stofnunin innheimtu opinberra gjalda fyrir ríki og sveitarfélög í stjórnsluumdæmi Reykjavíkur.

Auk þess að tryggja ríkissjóði tekjur þá gegnir Skatturinn margþættu tollgæsluhlutverki á landamærum og veitir samfélaginu vernd gegn ólögðum inn- og útflutningi vöru. Ennfremur viðheldur stofnunin fjölda skráa sem skipta sköpum fyrir gagnsæi og samkeppnissjónarmið í viðskiptalífinu, s.s. fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 8.728,0 milljónir og afkoma kr. -21,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 752,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 3.959,6 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Skattsins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og sviðsstjóri fjármálasviðs staðfesta hér með ársreikning Skattsins fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Snorri Olsen,
ríkisskattstjóri

Ásgeir Heimir Guðmundsson,
sviðsstjóri fjármálasviðs

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	8.011.400.000	7.791.992.279
Seld þjónusta	3	581.953.695	207.789.153
Framlög og ýmsar tekjur	4	6.248.990	9.805.931
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	128.366.309	127.891.940
Tekjur samtals		8.727.968.994	8.137.479.303
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	6.183.268.329	5.609.595.997
Annar rekstrarkostnaður	6	2.437.453.003	2.156.301.068
Afskriftir	7	128.366.309	127.891.940
Gjöld samtals		8.749.087.641	7.893.789.005
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(21.118.647)	243.690.298
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		137.677	69.658
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(11.520)	(1.995.926)
		126.157	(1.926.268)
Afkoma ársins		(20.992.490)	241.764.030
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(22.392.490)	240.364.030
Rekstrartilfærslur		1.400.000	1.400.000
		(20.992.490)	241.764.030

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	<u>100.288.167</u>	<u>142.102.950</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		229.215.301	210.895.075
Farartæki og vélar		88.672.062	77.743.063
Aðrar eignir		16.789.117	2.767.684
		<u>334.676.480</u>	<u>291.405.822</u>
Fastafjármunir samtals		<u>434.964.647</u>	<u>433.508.772</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		61.005.726	41.886.813
Tengdir aðilar	10	3.191.932.308	3.187.517.382
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		97.880	133.837
Handbært fé	11	<u>271.642.156</u>	<u>227.053.284</u>
Veltufjármunir samtals		<u>3.524.678.070</u>	<u>3.456.591.316</u>
Eignir samtals		<u>3.959.642.717</u>	<u>3.890.100.088</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		<u>752.655.554</u>	<u>773.648.044</u>
Eigið fé samtals		<u>752.655.554</u>	<u>773.648.044</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	1.019.543.520	759.014.529
Viðskiptaskuldir		475.614.093	378.968.868
Ýmsar skammtímaskuldir	13	1.124.197.208	1.343.765.096
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	<u>587.632.342</u>	<u>634.703.551</u>
Skuldir samtals		<u>3.206.987.163</u>	<u>3.116.452.044</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.959.642.717</u>	<u>3.890.100.088</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(20.992.490)	241.764.030
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	128.366.309	127.891.940
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(128.366.309)	(127.891.940)
		(20.992.490)	241.764.030
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(19.082.956)	(14.327.058)
Tengdir aðilar		207.586.981	(726.679.787)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(122.922.663)	301.064.101
		65.581.362	(439.942.744)
		<u>44.588.872</u>	<u>(198.178.714)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(133.037.089)	(75.672.347)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		9.310.005	3.499.888
		(123.727.084)	(72.172.459)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		48.527.084	0
Fjárfestingarframlag		75.200.000	72.172.459
		123.727.084	72.172.459
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		44.588.872	(198.178.714)
		227.053.284	425.231.998
		<u>271.642.156</u>	<u>227.053.284</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að fráreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað / 10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2022 2021

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Tekjufærsla fjárveitinga	8.011.400.000	7.791.992.279
Tekjufærsla frestaðra tekna	128.366.309	127.891.940
	<u>8.139.766.309</u>	<u>7.919.884.219</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	7.933.900.000	1.400.000	0	7.935.300.000
Launabætur	76.100.000	0	0	76.100.000
Fjárveiting til tekna	8.010.000.000	1.400.000	0	8.011.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(8.032.392.490)	0	0	(8.032.392.490)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(22.392.490)	1.400.000	0	(20.992.490)

2022 2021

3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	1.461.000	2.564.000
Verksala	6.353.500	60.249.689
Sala á vöru og þjónustu	546.335.537	117.464.636
Ýmsar þjónustutekjur	10.513.345	19.433.625
Endurgreiðsla starfsmanna vegna fæðis	17.048.453	8.049.403
Fræðslustarfsemi og fundir	241.860	27.800
	<u>581.953.695</u>	<u>207.789.153</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Afnotagjöld	5.044.304	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	270.000	270.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	0	9.535.931
Ýmsar tekjur	934.686	0
	<u>6.248.990</u>	<u>9.805.931</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	4.962.066.222	4.502.818.475
Orlof, breyting	15.044.554	480.563
Launatengd gjöld	1.129.670.649	1.013.406.403
Starfsmannakostnaður	76.486.904	92.890.556
	<u>6.183.268.329</u>	<u>5.609.595.997</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	482,6	463,6
------------------------------	-------	-------

Skýringar

	2022	2021
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	11.785.688	13.291.622
Byggingarvörur, almennar	1.996.073	183.912
Byggingarvörur, aðrar	0	6.213
Tæki og búnaður til innréttinga	110.453.002	784.773
Ýmis tæki og áhöld	57.510.934	37.298.521
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.768.455	1.305.469
Orkugjafar	30.603.374	28.924.166
Matvæli	120.489.479	95.647.143
Almennar rekstrarvörur	25.580.097	28.181.503
Vörukaup, almenn	360.187.102	205.623.322
Rannsóknarstofuefni	949.522	903.945
Kennslu- og föndurvörur	110.948	272.223
Ýmsar sérgreindar vörur	5.086.461	3.928.076
Vörukaup, sérgreind	6.146.931	5.104.244
Fundir, námskeið, risna	22.873.417	16.181.610
Ferðir, uppihald	43.737.981	16.025.793
Akstur	4.565.882	3.567.998
Sérfræðiþjónusta	1.094.599.985	1.024.133.509
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	7.570.229	5.718.674
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	24.163.198	22.461.292
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	29.535.521	34.177.499
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	1.227.046.213	1.122.266.375
Afnotagjöld	170.646.562	177.027.911
Leigugjöld	519.640.689	491.984.146
Notkun véla og flutningatækja	3.241.947	2.305.230
Verkkaup	106.592.380	108.602.354
Kostnaðarhlutdeild	25.528.454	26.907.994
Áhættutap og bætur	480.380	230.528
Tryggingar, lögboðnar	3.230.500	4.342.943
Opinber gjöld	7.050.733	4.268.377
Tapaðar kröfur	21.346	2.146.361
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	836.432.991	817.815.844
Vörukaup	7.639.766	5.491.283
Vörur til endursölu og birgðabreyting	7.639.766	5.491.283
Annar rekstrarkostnaður samtals	2.437.453.003	2.156.301.068
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	66.829.463	65.607.867
Farartæki og vélar	19.595.096	18.810.463
Aðrar eignir	126.967	142.720
Sölutap og úreltar eignir	0	1.184.579
Niðurfærsla óefnislegra eigna	41.814.783	42.146.311
	128.366.309	127.891.940

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	100.288.167	142.102.950
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2022:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2022		305.416.656
Viðbætur á árinu		0
		<u>305.416.656</u>
Niðurfært 01.01.2022		163.313.706
Niðurfærsla ársins		41.814.783
		<u>205.128.489</u>
Staða 31.12.2022		<u>100.288.167</u>

	31.12.2022	31.12.2021
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	229.215.301	210.895.075
Farartæki og vélar	88.672.062	77.743.063
Aðrar eignir	16.789.117	2.767.684
	<u>334.676.480</u>	<u>291.405.822</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	779.664.115	379.193.486	3.700.063	1.162.557.664
Viðbætur á árinu	85.149.689	33.739.000	14.148.400	133.037.089
Selt/úrelt á árinu	0	(17.666.901)	0	(17.666.901)
	<u>864.813.804</u>	<u>395.265.585</u>	<u>17.848.463</u>	<u>1.277.927.852</u>
Afskriftir 01.01.2022	568.769.040	301.450.423	932.379	871.151.842
Afskrift ársins	66.829.463	19.595.096	126.967	86.551.526
Selt/úrelt á árinu	0	(14.451.996)	0	(14.451.996)
	<u>635.598.503</u>	<u>306.593.523</u>	<u>1.059.346</u>	<u>943.251.372</u>
Staða 31.12.2022	<u>229.215.301</u>	<u>88.672.062</u>	<u>16.789.117</u>	<u>334.676.480</u>

10 Tengdir aðilar

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	3.191.850.508	3.187.408.382
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	81.800	109.000
	<u>3.191.932.308</u>	<u>3.187.517.382</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	1.019.543.520	759.014.529
	<u>1.019.543.520</u>	<u>759.014.529</u>

Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
11 Handbært fé		
Sjóðir	909.490	348.949
Tékkareikningar	270.732.666	226.704.335
	<u>271.642.156</u>	<u>227.053.284</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 57,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	773.648.044	535.817.155
Flutt af 09-215 við sameiningu	0	(3.933.141)
Afkoma ársins	(20.992.490)	241.764.030
Jöfnuður 31.12.	<u>752.655.554</u>	<u>773.648.044</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2022	31.12.2021
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	727.972.153	712.927.599
Önnur ógreidd gjöld	395.317.052	630.079.823
Skattar	908.003	757.674
	<u>1.124.197.208</u>	<u>1.343.765.096</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	434.964.647	433.508.772
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	152.667.695	201.194.779
	<u>587.632.342</u>	<u>634.703.551</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	433.508.772	201.194.779	634.703.551
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	75.200.000	75.200.000
Áhrif seldra eigna	(3.214.905)	9.310.005	6.095.100
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	133.037.089	(133.037.089)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(128.366.309)	0	(128.366.309)
	<u>434.964.647</u>	<u>152.667.695</u>	<u>587.632.342</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 116,9 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Skatturinn hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa auk annara samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 625,6 milljónum, vegna reksturs og vörslu hugbúnaðarkerfa kr. 892,7 milljónum og vegna annara samninga kr. 64,3 milljónum.

Stofnunin ber hlutdeild í lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sem látið hafa af störfum. Lífeyrisskuldbindingin hefur ekki verið skuldfærð í reikningsskil stofnunarinnar en greiðsla af henni á árinu 2022, kr. 2,2 milljónir, er gjaldfærð meðal launa.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.